

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs og sorphirðu í Vestmannaeyjabæ.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er unnin og sett í samræmi við ákvæði 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum, nr. 761/2005.

2. gr.

Sérstök söfnun við heimili er flokkun með 4 tunnum sem grunnregla en möguleiki á tvískiptri tunnu samkvæmt neðangreindu:

<i>Sorpgjöld á heimili – breytilegt gjald</i>	<i>Árgjald</i>
240 l blandaður og lífrænn úrgangur, tvískipt	24.200 kr.
120 l blandaður úrgangur	22.000 kr.
240 l blandaður úrgangur	31.700 kr.
330 l blandaður úrgangur	43.500 kr.
660 l blandaður úrgangur	87.000 kr.
120 l lífrænn úrgangur	12.000 kr.
240 l lífrænn úrgangur	24.000 kr.
330 l lífrænn úrgangur	33.000 kr.
660 l lífrænn úrgangur	65.900 kr.
120 l pappi eða plast	11.200 kr.
240 l pappi eða plast	16.000 kr.
330 l pappi eða plast	22.000 kr.
660 l pappi eða plast	44.000 kr.
<i>Önnur gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs</i>	
Skrefagjald, meira en 15 metra frá söfnunarbíl (frá 1. apríl 2025)	50% álag pr. tunnu
Breytingakostnaður við ílát	4.285 kr.
Tunnugjald – nýtt ílát	Skv. gjaldskrá rekstraraðila
Tunnugjald – notað ílát	50% af verði nýrrar
Aukahirðing vegna óviðunandi flokkunar eða frágangs	6.963 kr.

Allar fjárhæðir eru með virðisaukaskatti.

Tunnugjald og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða. Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu enda sé hún óskemmd. Verð eldri tunnunnar miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst. Umsókn um nýjar tunnur þarf að fara í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.

3. gr.

Fast gjald er lagt á allar fasteignir sveitarfélagsins til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflokknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s. umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á víðavangi, rekstur grenndarstöðva og móttökustöðvar úrgangs sem veitir gjaldfrjálsan aðgang að gámasvæði með gjaldfrjálsan úrgang. Álagningin er á fasteignir í a-, b- og c-lið samkvæmt 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

<i>Sameiginlegur kostnaður á fasteignir</i>	<i>Gjald</i>
Fasteign í a-lið	19.400 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 15-250 m ²	22.800 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 251-500 m ²	47.700 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 501-1.000 m ²	72.500 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 1.001-2.500 m ²	108.700 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð > 2.501 m ²	134.600 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins www.vestmannaeyjar.is eða í síma 488 2530.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja 21. janúar 2026, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ, nr. 171/2025.

Vestmannaeyjum, 21. janúar 2026.

Brynjar Ólafsson,
sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.

B deild - Útgáfudagur: 10. febrúar 2026